

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 20. febrúar 2024

Mál nr. S-459/2023:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara 31. ágúst 2023 á hendur X

„fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt [...] 2021, á göngustíg á milli A og B og C og D, með ofbeldi og ólögmati nauðung haft samræði við Y, án samþykkis og þrátt fyrir að hún reyndi að losa sig frá ákærða, en ákærði tók niður buxur hennar, ýtti á bak hennar og beygði hana fram og hafði við hana samræði, með þeim afleiðingum að Y hlaut nokkrar rispur við leggangaop sem blæddi úr.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Y, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. september 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 31/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Við aðalmeðferð kom fram að nafn brotaþola er nú Z.

Málið var þingfest 21. september 2023. Aðalmeðferð málsins hófst 9. janúar 2024 en varð þá ekki lokið vegna fjarveru vitna. Var aðalmeðferð fram haldið 24. janúar 2024 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákærvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu bótakrefjanda eru gerðar sömu kröfur og í ákæru greinir, þó þannig að í stað kröfu um málskostnað kemur krafa um þóknun skipaðs réttargæslumanns úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði þá skilorðsbundin að öllu leyti. Í báðum tilfellum krefst ákærði þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að ákærði verði sýknaður af henni, en til þrautavara krefst ákærði verulegrar lækkunar á bótafjárhæð. Þá krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu 7. september 2023 hafði hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi samband við lögreglu þann sama dag klukkan 17:57. Var brotaþoli stödd á sjúkrahúsinu og vildi leggja fram kæru á hendur ákærða vegna nauðgunar, sem hún kvað hafa átt sér stað [...] nóttina áður. Var ákærði í kjölfarið handtekinn á heimili sínu og færður á lögreglustöðina [...], þar sem ákærði gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun af vakthafandi lækni. Var hann síðan vistaður í fangaklefa.

Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 7. september 2021. Þar skýrði hún frá því að aðfaranótt 7. september 2021 milli klukkan 03:00 og 03:30 hafi hún hitt ákærða á göngustíg milli A og C, en þau hafi verið búin að mæla sér mót þar. Hún hafi þekkt ákærða frá árinu 2018 og starfað með honum [...]. Þau hafi verið að tala saman og hún fengið hjá honum „koil“ í „veipið“ sitt. Svo þegar hún hafi ætlað að fara heim á leið þá hafi hann náð að halda henni og hún allt í einu byrjað að sjá „geðveikt blörrað“ þannig að hún hafi haldið að það væri kannski að líða yfir hana og hafi því ákveðið að setjast niður. Síðan svona kannski 2 mínútum síðar hafi liðið yfir hana og það næsta sem hún hafi vitað að þá hafi ákærði verið búinn að taka niður um hana buxurnar og hafi verið að nauðga henni. Nánar lýsti brotaþoli því að ákærði hafi tekið í hendina hennar og byrjað að kyssa hana og sett hana upp við grindverk og þá hafi henni þótt eins og væri að fara að líða yfir hana þannig að hún hafi sest niður og svo hafi liðið yfir hana og ákærði þóst

vera svaka góður við hana og ætlað að tékka á púlsinum hennar og svo þegar hún hafi rankað við sér aftur og sest upp þá hafi ákærði látið hana standa upp og tekið niður um hana buxurnar og sínar eigin buxur. Ákærði hafi látið hana beygja sig fram á við og stungið typpinu sínu inn í píkuna á henni en hún hafi ekki getað gert neitt vegna þess að hann hafi haldið henni. Þetta hafi tekið á að giska 5 – 10 mínútur í mesta lagi. Kvað brotþoli að ákærði hafi ekki verið með smokk, en kvaðst ekki vita hvort honum hafi orðið sáðlát. Svo hafi ákærði hætt og hún þá girt upp um sig og farið heim á leið, en á leiðinni hringt í [...], E. Hún hafi hins vegar ekki sagt [...] hvað hafi gerst, heldur aðeins að hún hafi farið að hitta ákærða af því að hann ætlaði að gefa henni „koil“ í „veipið“ hennar og líka sagt henni að það hafi liðið yfir hana óforvarandis. Þegar brotþoli hafi verið komin heim, að F, hafi hún sagt [...], G, frá þessu. Þau hafi svo farið að sofa, en daginn eftir hafi hún einnig sagt [...], H, frá þessu. H hafi svo farið með henni á Neyðarmóttöku.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 7. september 2021. Lýsti ákærði því að hafa verið heima hjá sér með [...] í rúminu að kvöldi 6. september 2021. Þau hafi verið þar allt kvöldið og svo hafi [...] sofnað. Hann hafi svo sjálfur sofnað á að giska milli 3 og 4 um nóttina og sofið til klukkan 10 að morgni 7. september 2021. Kvaðst hafa verið í símanum um kvöldið og nóttina þangað til hann hafi sofnað. Ákærði kannaðist við að þekkja brotþola og að þau hafi verið í sambandi á samfélagsmiðlum kvöldið eða nóttina áður, þ.e. aðfaranótt 7. september 2021. Þau hafi bara verið að spjalla fram til klukkan svona 2 – 3, m.a. um hvort hún mætti fá hjá honum vökva í „veipið“ og hann hafi sagt að hann myndi láta hana fá það daginn eftir þegar þau myndu hittast í vinnu sinni [...]. Ákærði þverneitaði því hins vegar að hafa farið út úr húsi þessa nótt og þverneitaði því að hafa hitt brotþola og þaðan af síður átt við hana eitthvert kynferðislegt samneyti. Þá gat ákærði þess að í símanum hans væri svokallað „app“ eða smáforrit sem hann hefði alltaf kveikt á og sýndi staðsetningu hans á hverjum tíma.

Lögregla tók skýrslu af G, [...] brotþola, 17. september 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hans segir að brotþoli hafi farið út eina nóttina til að hitta ákærða. Vitnið hafi vaknað þegar hún var að fara út, en ekki vaknað þegar hún kom heim aftur. Sér hafi virst hún skrýtin að morgni og spurt hana um það. Hafi þá brotþoli sagt honum að ákærði hafi nauðgað henni. Hún hafi fengið „veip“ hjá ákærða og svimað. Hafi svo liðið yfir hana og þegar hún hafi rankað við sér hafi ákærði

verið búinn að taka niður buxur þeirra beggja. Þau hafi ekki rætt þetta frekar. Kvaðst vitnið minna að þetta hafi verið seint í ágúst 2021.

Lögregla tók skýrslu af [...], E, þann 22. september 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hennar segir að vitnið hafi skýrt frá því að brotþoli hafi hringt í hana umrædda nótt og virkað hálfskelkuð. Hún hafi verið að ganga heim til sín og ljóst að eitthvað hafi verið „að böggja hana“. Þær hafi ekki rætt þetta, en daginn eftir hafi þær aftur talað saman í síma og þá hafi brotþoli sagt vitninu að ákærði hafi nauðgað henni.

Lögregla tók skýrslu af G, [...] brotþola 30. september 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hennar segir að hún hafi fengið vitneskju um atvikið með skilaboðum frá brotþola. Hafi brotþoli greint frá því að henni hafi verið nauðgað. Vitnið hafi haft samband við Neyðarmóttöku og fengið tíma þar fyrir brotþola. Hafi svo vitnið komið til brotþola og hún greint vitninu frá því að hún hafi verið svefnvana um nóttina og ákveðið að hitta ákærða. Hafi brotþoli lýst því að það hafi liðið yfir hana og ákærði þá nauðgað henni. Svo hafi vitnið farið með brotþola á Neyðarmóttöku.

Lögregla tók skýrslu af I, [...], 7. desember 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hennar kemur fram að hún hafi ekki orðið þess vör að ákærði, sem býr á sama heimili, hafi farið út um nóttina og að hún hefði orðið þess vör ef hann hefði gert það.

Lögregla tók skýrslu af J, [...], 7. desember 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hans kemur fram að hann hafi ekki orðið þess var að ákærði, sem býr á sama heimili, hafi farið út um nóttina og að hann hefði orðið þess var ef ákærði hefði farið út um nóttina.

Lögregla tók skýrslu af K, [...], 7. september 2021. Í samantektarskýrslu lögreglu um framburð hennar kemur fram að hún hafi verið með ákærða á heimili hans þetta kvöld og hafi þau ekki farið út. Hún hafi sofnað um miðnætti, en hún vissi ekki hvenær ákærði hafi farið að sofa. Hún hafi vaknað um fimmleytið um nóttina og þá hafi ákærði verið sofandi. Hún hafi sofið 2 klukkustundir í viðbót og þá farið á fætur. Hún hafi ekki rumskað milli miðnættis og klukkan 05:00 þegar hún hafi vaknað.

Eins og áður greinir var gerð réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða að kvöldi dags 7. september 2021. Í skýrslu læknis um hana kemur fram að ákærði sé allsgáður og samvinnuþýður. Engir augljósir áverkar séu á honum, utan marblett á vinstra viðbeini. Þá var lagt hald á fatnað ákærða og tekin sýni af líkama hans.

Þá liggur fyrir skýrsla frá Neyðarmóttöku um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Þar er höfð eftir brotaþola frásögn af atvikum á þá lund að þegar þau hafi verið búin að tala saman í u.þ.b. 10 mínútur hafi hún fundið að það væri að líða yfir hana. Hún hafi svo vaknað í grasinu og þá hafi hún hvorki verið í buxum né nærbuxum. Ákærði hafi líka verið búinn að taka niður um sig. Hann hafi svo farið á hana og nauðgað um leggöng. Hún hafi barist um og reynt að sleppa en hann hafi náð að setja typpið í leggöng hennar. Hún viti ekki hvort honum hafi orðið sáðlát. Hún hafi svo náð að losna og farið eftir þetta heim til [...] og sofið þar. Þá fylgir skýrslunni blað þar sem lýst er kynferðislegu framferði árásmanns og er þar hakað í viðeigandi reiti og er einnig hakað í þá háttsemi að setja fingur í leggöng. Segir að brotaþoli hafi verið yfirveguð og skýr í frásögn, en hafi haft kvíða fyrir skoðun og hafi neitað blóðprufum og skoðun í leggöng, en leyft ytri skoðun. Kemur fram að síðustu samfarir hafi verið fyrir meira en viku, að þessu atviki frátöldu. Þá kemur fram að við leggangaop hafi verið nokkrar ferskar litlar rispur og storknað blóð hafi legið á þeim. Þetta geti samræmst nýlegu samræði. Voru ýmis sýni tekin af líkama brotaþola, m.a. munnvatnssýni af húð en ekki kemur fram hvar. Þá segir að 2 bómullarpinnar hafi verið teknir af leggöngum/leghálsi, en ekki nánar hvar. Í skýrslu læknis segir hins vegar að tekin séu lífsýni frá leggangaopi og skapabörmum ásamt frá hálsi. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er höfð eftir brotaþola frásögn af atvikum. Þar kemur fram að hún hafi verið að tala við ákærða þegar hafi liðið yfir hana. Þegar hún hafi svo vaknað þá hafi hún verið buxnalaus og ákærði með buxurnar niður um sig. Hann hafi svo farið upp á hana og nauðgað henni. Hann hafi náð að setja typpið aðeins inn í hana. Þegar tækifæri hafi gefist hafi hún náð að komast undan honum og hlaupa heim til kærasta síns. Hún hafi barist á móti honum en ekki öskrað. Þá er hakað við að ekki hafi verið notaður smokkur og jafnframt að ákærði hafi sleikt hálsinn á brotaþola.

Eins og að ofan greinir voru tekin lífsýni af ákærða og brotaþola, sem og úr fötum þeirra sem hald var lagt á. Á lífsýnum þessum hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir, m.a. hjá Nationellt forensiskt centrum hjá sænsku lögreglunni. Ekki fundust neinar sæðisfrumur í sýnum. Í nærfötum brotaþola var smávægilegur blóðblettur, en hann var ekki sendur til rannsóknar. Meðal annars voru 2 sýnatökupinnar frá líkama ákærða, en þeir voru ekki merktir þannig að unnt væri að sjá hvort sýnin hafi verið tekin af getnaðarlim ákærða, eða annarsstaðar af líkamanum, en í skýrslu L sérfræðings lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, um rannsókn á réttarlæknisgögnum ákærða, kemur fram að líklegt sé að þessi sýni séu af getnaðarlim ákærða, en að ekki sé unnt að fullyrða

Það. Hins vegar kemur fram í skýrslu L um sendingu sýna til DNA greiningar hjá Nationellt Forensiskt Centrum hjá sænsku lögreglunni, að þar sé m.a. um að ræða tvö sýni, merkt nr. 552418 og 552419, sem séu stroksýni af getnaðarlim ákærða. Eru þetta þeir 2 sýnatökupinnar sem áður var getið um. Við skýrslugjöf sína við aðalmeðferð kvað L þessa tilgreiningu hafa verið ranga og að þetta væru mistök. Ekki sé unnt að fullyrða að þessi sýni stafi frá getnaðarlim ákærða.

Sýni sem send voru til Svíþjóðar samkvæmt þessu voru þannig 2 sýnatökupinnar frá líkama ákærða, sem kunna að stafa frá getnaðarlim hans, en það er þó ekki víst sbr. það sem áður segir, sýni sem tekin voru af innanverðri framhlið nærbuxna ákærða, 2 sýnatökupinnar með sýnum sem tekin voru af hálsi brotaþola, sem og samanburðarsýni frá ákærða og brotaþola.

Samkvæmt niðurstöðum DNA greiningar hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð fannst DNA í sýni frá innanverðum nærbuxum ákærða. Nánar tiltekið fannst þar DNA úr 3 einstaklingum, þ.e. ákærða og brotaþola, auk einhvers þriðja aðila, sem líklegra er að sé frá konu en karli. Stroksýni af líkama ákærða, sem eins og áður segir er óvíst hvort er af getnaðarlim ákærða eða annars staðar af líkama hans, nr. 5524xx reyndist innihalda DNA frá 2 einstaklingum. Í meirihluta var DNA frá ákærða, en í minnihluta eru DNA snið sem eru eins og úr DNA sniði brotaþola, en DNA sniðið er ekki fullkomið og ekki hægt að fullyrða að það sé komið frá brotaþola. Stroksýni af líkama ákærða 5524xx reyndist innihalda DNA sem var samkennt við DNA brotaþola. Stroksýni merkt hálsi brotaþola reyndist innihalda blöndu DNA frá 3 einstaklingum. Tvö þeirra DNA sniða voru þar saman í meirihluta og voru eins og DNA snið ákærða og brotaþola, en DNA snið sem var í minnihluta var í svo litlu magni að ekki var unnt að samkenna það við neinn einstakling.

Þá kemur fram í niðurstöðum hinnar sænsku rannsóknarstofu að mögulegar niðurstöður slíkrar greiningar geta fengið einkunnirnar frá +4 og niður í -4. Þegar einkunnin +4 er gefin benda niðurstöður mjög sterklega til þess að tilgátan sé rétt og matið er að minnst 1.000.000 líklegra er að fá þessar niðurstöður ef aðaltilgátan er sönn heldur en ef valkosturinn er sannur. Þá kemur fram að niðurstöður DNA úr nærbuxum ákærða eru að DNA samkenning við brotaþola er af styrknum +3 sem bendir sterklega til að hluti þess komi frá brotaþola ef ekki er gert ráð fyrir að það komi frá nánu skyldmenni og fær samkenning DNA við ákærða sams konar einkun. Greining DNA úr sýnatökupinna nr. 5524xx fær einkunnina +1 um að minni hluti DNA í sýninu stafi frá

brotapola, sem bendir að einhverju leyti til þess að það komi frá brotapolu, en megin hluti DNA hefur samsvörun við ákærða. Greining DNA í sýnatökupinna nr. 5524xx eru á þann veg að mjög sterkar líkur eru til þess að DNA-ið komi frá brotapolu og fær einkunnina +4, ef ekki er gert ráð fyrir að sýnið stafi frá nánu skyldmenni hennar. Greining DNA úr stroksýni sem tekið var af hálsi brotapolu er þannig að þar er blanda af DNA úr minnst 3 einstaklingum. Samanstendur blandan af megin hluta og minni hluta þar sem talið er að DNA komi úr 2 einstaklingum. Niðurstaðan bendir mjög sterklega til að hluti af DNA úr megin hlutanum komi frá ákærða (+4) ef ekki er gert ráð fyrir að það komi frá nánu skyldmenni. Hluti af DNA í megin hlutanum hefur samsvörun við brotapolu, en ekki var hægt að álykta um minni hluta DNA.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 24. maí 2022. Þar var ákærða kynntar framangreindar niðurstöður úr rannsókn á lífsýnum og DNA. Var honum kynnt að DNA úr brotapolu hefði fundist í nærfötum hans, sem og að DNA úr brotapolu hefði fundist í stroksýni sem tekið hafi verið af getnaðarlim hans, sem og að DNA hans sjálfs hafi fundist í stroksýni sem tekið hafi verið af hálsi brotapolu. Kvaðst ákærði ekki hafa neina skýringu á þeim niðurstöðum og hélt sig alfarið við fyrri framburð sinn um að hafa ekki hitt brotapolu umrædda nótt. Hann hafi hitt hana daginn áður vegna þess að hann hafi skutlað henni í vinnu þar sem þau hafi unnið saman á þessum tíma. Þá hafi ekki gerst neitt mikið og þau hafi bara verið að tala saman. Aldrei hafi verið neitt kynferðislegt samband á milli þeirra.

Brotapoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 28. júní 2023 vegna fyrirmæla frá héraðssaksóknara vegna óskýrleika í framburði brotapolu hjá lögreglu annars vegar og í skýrslum hjúkrunarfræðings og læknis um komu brotapolu á Neyðarmóttöku hins vegar. Við þá skýrslugjöf kvaðst brotapoli ekki muna þetta til fulls vegna þess að langt væri um liðið. Tók hún fram að hún hafi reynt að berjast á móti þannig að hún myndi kannski ná að komast í burtu, en ákærði hafi haldið henni þannig að hún hafi ekki getað gert neitt. Þá kom fram hjá henni að hún hafi verið standandi þegar ákærði hafi tekið niður um hana buxurnar og hún hafi líka verið standandi meðan samræðið hafi átt sér stað. Það hafi liðið yfir hana á að giska 10 - 15 mínútum eftir að hún kom á vettvang. Þá lýsti brotapoli því að ákærði hafi hætt sjálfur orðalaust og hún hafi ekki náð að losna frá honum. Hún hafi beðið þangað til hann var farinn. Þá tók brotapoli fram að hún hafi sagt nákvæmlega eins frá á Neyðarmóttöku og hjá lögreglu, en hún hafi ekki fengið að sjá frásögn sína á Neyðarmóttöku og að þar hafi greinilega ekki verið með öllu rétt eftir henni haft. Þá

staðfesti brotaþoli að hafa verið með meðvitund á meðan samræðið hafi átt sér stað. Þá kom fram hjá brotaþola að ákærði hafi verið búinn að reyna að sofa hjá henni í 3 – 4 ár áður en atvikið hafi orðið.

Í rannsóknargögnum er skýrsla lögreglu um vettvangsskoðun á M, þ.e. heimili ákærða. Kemur fram að um er að ræða [...]. Húsið er [...] Bílskúrin er áfastur [...]. Kemur fram að herbergi ákærða sé nokkurn veginn fyrir miðju húsi á móts við eldhúsið sem sé í fremur opnu rými. Fjórar inn- og útgönguleiðir séu mögulegar úr húsinu. Forstofa, þ.e. aðalinngangur, svalahurð í stofu þar sem útgengi er á pall, gönguhurð úr bílskúr við hlið innkeyrsluhurðar og svo innkeyrsluhurðin sjálf. Kemur fram að svefnherbergi J [...] er við forstofuna þar sem aðalinngangurinn er, en herbergi I, [...], er í enda hússins við bílskúrinn. Segir í skýrslunni að I hafi fullyrt að ekki væri hægt að ganga um bílskúrinn og að hún yrði þess strax vör. Hún hafi opnað gönguhurðina í bílskúrnum til að sýna lögreglu hversu stíf hurðin væri og erfiðleikum bundið að opna hana. Þá sé gönguhurð á bakhlið bílskúrsins óvirk og því ekki í notkun. Auðvelt aðgengi sé frá herbergi ákærða að svalahurð í stofu og þangað megi komast til og frá án þess að ganga fram hjá svefnherbergjum annarra heimilismanna. Það sé mat lögreglu að ekki sé unnt að útiloka með fullri vissu að ákærði hafi getað gengið um húsið og yfirgefið það umrædda nótt án þess að raska næturfriði annars heimilisfólks.

Í málinu liggja fyrir útprentanir af rafrænum samskiptum ákærða og brotaþola á Snapchat, sem og ákærða og G. Jafnframt messenger samskipti milli brotaþola og H ásamt tölvupóstsamskiptum milli H og E. Jafnframt er í rannsóknargögnum ljósmynd af síma E þar sem sjá má að símtal hafi átt sér stað milli hennar og brotaþola klukkan 03:42 þann 7. september 2021 og hafi símtalið varað í 2 mínútur og 30 sekúndur. Fram kemur að brotaþoli hafi hringt í E.

Þá liggur fyrir vottorð frá heilsugæslunni [...], dags. 27. desember 2023, ritað af N. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli hafi fyrst komið í þjónustu geðheilsuteymis heilsugæslunnar í ágúst 2021 og verið í reglulegum viðtölum þar til í maí 2023. Meðferðaraðili hennar innan teymisins sé hins vegar hætt störfum við heilsugæsluna. Kemur fram að N hafi verið í samskiptum við brotaþola undanfarið að beiðni réttargæslumanns brotaþola og að vottorðið sé unnið úr nótum meðferðaraðilans og samtölum N við brotaþola í desember 2023. Brotaþoli hafi nýlega verið [...] þegar hún hafi orðið fyrir áfalli 7. september 2021 og hafi töluverðum þunga í meðferð hennar verið beint að afleiðingum þess áfalls. Samkvæmt nótum meðferðaraðilans hafi brotaþoli átt

[...]. Þá kemur fram í vottorðinu að N hafi lagt fyrir brotaþola skimunarlista sem meti kvíðaeinkenni og þunglyndiseinkenni. Svör brotaþola við skimunarlistunum hafi bent til [...].

Ekki eru efni til að rekja málavexti að öðru leyti.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði gaf skýrslu við aðalmeðferð og var framburður hans á sömu lund og hjá lögreglu þannig að hann þverneitar því að hafa yfirgefið heimili sitt umrædda nótt. Kvaðst aldrei hafa átt í neinum kynferðislegum samskiptum við brotaþola og þaðan af síður hafa brotið gegn henni á þann hátt sem lýst er í ákæru.

Ákærði lýsti því að allt kvöldið hafi hann verið heima við með [...], K. Þau verið inni í herberginu hans að horfa á myndir og þætti og hafa það kósý. Kvaðst halda að K hafi kannski sofnað svona milli 1 og 2 um nóttina sem sé venjulegur tími. Hann sjálfur sé venjulega farinn að sofa svona um klukkan 03:00. Þau hafi verið saman inni í herberginu alla nóttina. Kvaðst sjálfur hafa sofið til klukkan 10:00 – 11:00. Þegar hann hafi sjálfur farið að sofa hafi K verið með honum í herberginu. Á heimilinu þetta kvöld hafi auk þeirra verið [...] og [...] hans.

Aðspurður um samskipti sín við brotaþola þennan dag og þessa nótt kvað ákærði að þau hafi talað saman á Snapchat og hafi komið fram að þau ætluðu að hittast daginn eftir, ásamt G [...] og K [...] og hafi ákærði ætlað að gefa þeim „koil“ í „veipið“ þeirra. Daginn áður, þ.e. 6. september 2021, hafi þau hist einu sinni þegar þau hafi rekist á hvort annað á rúntinum. Þau hafi ekki verið í sama bíl en samskiptin hafi verið gegnum gegnum opna bílglugga.

Aðspurður um framburð brotaþola um að þau hafi hist þessa nótt ítrekaði ákærði að hann hafi ekki yfirgefið heimili sitt alla þessa sömu nótt. Einu samskipti hans við brotaþola þessa nótt hafi verið fyrrgreind rafræn samskipti á Snapchat. Hún hafi spurt hvort hann vildi hitta hana daginn eftir til að fá „koil“ í „veipið“ og hann hafi sagt það sjálfsagt.

Aðspurður um kynni sín af brotaþola kvaðst hann hafa kannast við hana áður en þau hafi orðið vinir. Svo hafi brotaþoli byrjað með vini ákærða, G, þetta sama ár eða í lok árs 2020. Ákærði hafi ekki verið mjög ánægður með það vegna þess að ákærði og brotaþoli hafi ekki átt mjög góð samskipti áður. Ákærði hafi þó ákveðið að vera sáttur vegna vinar síns. Þau hafi verið kunningjar. G hafi spurt hvort ákærði gæti útvegað

brotapola vinnu þar sem ákærði vann. Ákærði og G hafi á þessum tíma verið bestu vinir þannig að ákærði hafi samþykkt þetta.

Aðspurður neitaði ákærði því að hafa átt í einhvers konar tilfinninga- eða ástarsambandi við brotapolu.

Aðspurður hvað ákærði telji að búi að baki ásökunum brotapolu í hans garð kvaðst ákærði ekki vita neitt um það.

Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa kynnst brotapolu á að giska á árunum 2018 – 2019. Aðspurður um fyrri slæm samskipti við brotapolu lýsti ákærði því að fyrst hafi allt verið í lagi, en svo hafi brotapolu skyndilega farið að búa til um hann skröksögur um að hann hafi verið að senda henni einhverjar myndir og eitthvað. Á árinu 2019 hafi brotapolu tekið mynd af íbúðinni sem hann hafi þá búið í á [...] og sent honum á Instagram, án þess að hún hafi vitað neitt hvar hann ætti heima og spurt hvort hann byggi ekki þarna. Hún hafi logið því á hann að hann hafi verið að senda henni nektarmyndir af sjálfum sér. Samskiptin hafi svo verið orðin betri eftir að brotapolu fór að vera með G vini ákærða og þau hafi unnið saman [...]. Hún hafi alltaf fengið far með honum í vinnuna. Síðasta skipti fyrir 7. september 2021 hafi verið 1 eða 2 dögum áður. Þá lýsti ákærði því að hafa deilt „veipinu“ sínu með hverjum sem er og þ. á m. brotapolu marg oft. Þá kvað ákærði að hann og G hafi oft hist á rúntinum og það hafi m.a. gerst bæði daginn fyrir og daginn eftir hið kærða atvik. Í þessum tilvikum hafi brotapolu verið með G í bíl og K með ákærða og stutt samtöl hafi átt sér stað. Ekkert undarlegt hafi gerst í þessum samskiptum.

Þá lýsti ákærði því að þegar hann var handtekinn hafi hann ekki vitað neitt hvað væri í gangi. Hann hafi verið í sjokki og komið honum á óvart þegar honum hafi verið kynnt tilefni handtökunnar.

Þá var ákærði spurður um ljósmyndir af síma ákærða sem sýnir rafræn samskipti hans og brotapolu og G. Kvað ákærði að þau samskipti hafi átt sér stað ýmist daginn áður, eða 2 dögum áður, og daginn eftir, en eitthvað þó mánuði síðar. Nánar tiltekið að rafræn samskipti hans og brotapolu hefðu átt sér stað fyrir atvikið.

Aðspurður kvað ákærði að sumarið 2022 hafi hann og G unnið saman og þá hafi G sagt honum frá allskyns hlutum sem brotapolu hafi ásakað G um, m.a. kynferðisbrot. G hafi líka sagt að hann myndi standa með ákærða gegnum þetta þar sem hann tryði honum. Þá hafi G sagt sér að brotapolu hafi aldrei sagt sér frá umræddu atviki og að ákærði hafi verið fyrstur til að segja G frá þessu og það hafi verið mánuði eftir atvikið.

Aðspurður kvað ákærði að brotþoli hafi ekki sagt sér frá því að hún hafi verið í [...].

Aðspurður um aðstæður á heimilinu kvað ákærði að hann væri ekki í skónum inni og að allir fari úr skóm í forstofunni. Þá lýsti ákærði útgönguleiðum úr húsinu. Útgönguleiðin fyrir aftan sé þannig að hurðin sé biluð þannig að allt húsið hristist þegar gengið sé um. [...] hafi verið að vinna í bílskúrnum alla nóttina að laga eitthvað þannig að hann hefði tekið eftir ákærða ef hann hefði farið þá leið út. Þá hafi [...] verið inni í stofu alla nóttina þannig að hún hefði alltaf séð ef hann hefði farið út úr herberginu sínu. [...]. Allur umgangur um útganga heyrir mjög vel um allt húsið og m.a. í herberginu hans.

Aðspurður um niðurstöður DNA rannsókna, sem ákærða var einnig kynntar meðan á rannsókn stóð, kvað ákærði þær geta skýrst af ótal ástæðum. Það gæti hafa komið af „veipinu“ eða vegna þess að þau hafi verið saman í bíl og verið að hanga saman. Þau hafi verið saman á rúntinum og stundum saman í stútfullum bíl. Þetta hljóti að hafa gerst með einhverju smiti, eða á einhvern annan hátt en lýst er í ákæru.

Þá skýrði ákærði frá því aðspurður að hann og brotþoli hafi aldrei átt í kynferðislegum samskiptum og að hún hafi aldrei snert á honum getnaðarliminn.

Þá gerði ákærði grein fyrir aðstæðum á heimili sínu. Kvað hann afturhurðina þannig að ískur heyrir þegar hún er opnuð og henni verði ekki lokað án þess að skella henni harkalega aftur svo að heyrir um allt hús. Varðandi framdyrnar, þ.e. úr forstofunni, sé [...] alltaf frammi og herbergi [...] sé við hliðina. [...] og [...] séu iðulega vakandi á nóttunni og hefðu í öllum tilfellum orðið vör við það ef ákærði færi út. Þá séu litlar bjöllur á hurðinni og klingi þegar gengið er um. Þá sé bílskúrshurðin annað hvort alltaf læst eða [...] í skúrnum. Þannig hefði hann séð til ferða ákærða enda verið í bílskúrnum þessa nótt. Aðspurður um framangreinda skýrslu lögreglu um aðstæður á heimili ákærða og sérstaklega þar sem vikið er að svaladyrum kvað ákærði að ef lögregla hefði reynt að opna svaladyrnar þá hefðu þeir orðið þess varir að allt húsið hristist og heyrir þegar gengið er um þær dyr og að skella þurfi hurðinni aftur til að loka dyrunum.

Aðspurður um niðurstöður greiningar og rannsóknar á lífsýni innan af nærbuxum ákærða og DNA sem þar hafi fundist úr brotþola kvað ákærði að hann vissi ekki skýringar á því. Þó lýsti ákærði því að rennilás á gallabuxum hans, sem hann sé oftast í, fari iðulega niður og þegar hann sé við akstur þá sé hann alltaf með „veipið“ á buxunum og í námunda við rennilásinn. Þetta séu bara venjulegar gallabuxur.

Aðspurður um DNA brotþola úr sýnum af getnaðarlim ákærða kvað ákærði að hann hefði ekki skýringar á þessu umfram það sem áður segir um nærbuxur ákærða.

Aðspurður um DNA ákærða úr sýni sem tekið var af hálsi brotþola kvað ákærði að líklega væri skýringin sú að hún hafi iðulega fengið far með honum og þetta geti þess vegna verið hvaðan sem er úr bíl ákærða eða bíl [...] ákærða sem ákærði hafi líka verið að nota á þessum tíma.

Aðspurður hvenær ákærði hafi síðast hitt brotþola og átt í líkamlegum samskiptum við brotþola fyrir hið umdeilda atvik kvað ákærði að það hafi verið daginn áður þegar þau hafi hist og hún hafi komið inn í bíl til hans eða hann til hennar, en kvaðst ekki muna hvort hafi verið. Sennilega hafi hún þó komið yfir í bíl til hans. Ákærði hafi þá verið ökumaður og brotþoli setið aftur í, sennilega í miðjunni eða hægra megin. Daginn eftir, þ.e. 7. september 2021, hafi þau líka hist á rúntinum en þá bara verið í sitt hvorum bílnum.

Vitnið I, [...], gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst hafa verið heima við þessa umræddu nótt og aldrei hafa séð ákærða fara út. Hún hafi verið með [...]. Vitnið hafi legið í sófa í stofunni þar sem hún hafi haft sýn á herbergishurð ákærða og hún hafi ekki orðið þess vör að hann færi annað en á salerni, en það hafi verið fyrri hluta nætur, ekki seinna en kannski 2-3. Eftir það hafi hún ekki orðið vör við umgang frá ákærða og kærustu hans. Hún hafi orðið þess vör að [...], J, sem hafi forstofuherbergið, hafi verið vakandi, en [...]. Ekki hafi verið annar umgangur en frá J og [...]. Aðspurð kvaðst hún mest megnis hafa horft á sjónvarp og skoðað símann sinn. Hún hafi þó sofnað eitthvað, en ekki fyrr en undir morgunn, kannski klukkan að verða 4 eða 5.

Aðspurð um húsnaðið lýsti vitnið því að um sé að ræða [...]og sé opið að innan. Vitnið lýsti herbergjaskipan. Herbergi ákærða sé á móti eldhúsinu. Sjónlína vitnisins frá sófa í stofu hafi verið inn í eldhús og með vítt sjónarhorn. Vitnið kvaðst í mesta lagi hafa verið í sínu svefnherbergi í 5 mínútur þessa umræddu nótt.

Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa orðið vör við neitt óvenjulegt í fari ákærða daginn eftir, þ.e. 7. september 2021.

Aðspurð kvaðst vitnið vita til þess að ákærði og K hafi verið með staðsetningarforrit í sínum sínum á þessum tíma. Kvaðst vitnið mjög ósátt við vinnubrögð lögreglu í tengslum við þetta. Lögreglumennirnir hafi talað við vitnið og hún hafi sagt þeim frá umræddu forriti og K hafi sýnt þeim sjáskot af því, en lögreglukonan hafi bara tekið ljósmynd af síma K en ekki haft neinn áhuga á að fá símann til skoðunar.

Vitninu hafi líka þótt skrítið að lögreglumennirnir hafi ekki haft kveikt á búkmyndavélum.

Vitnið J, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið lýsti því að hafa verið á heimili sínu umrædda nótt, en vitnið býr á sama heimili og ákærði. Vitnið kvaðst hafa komið úr vinnu um miðnætti og hafa vakað alla nóttina, ýmist við að reyna að sofna eða vera í tölvuleik. Vitnið kvaðst ekki hafa rekist á ákærða, en ákærði hafi verið í herbergi sínu. Kvaðst ekki hafa orðið var við neinn umgang. Hann hefði orðið var við umgang ef hann hefði verið. Ástæða þess sé að það heyrist allt mjög vel inn í herbergi vitnisins, sérstaklega ef gengið er um aðaldyrnar, en herbergi vitnisins sé inn af forstofu. Kvaðst telja að hann hafi farið í tölvuna um tvö leytið um nóttina og verið í henni fram eftir. Hann hafi verið með heyrnartól, en ekki hafi verið mikil læti í leiknum auk þess að annar hluti heyrnartólanna hafi verið laus frá eyranu. Kvaðst ekki muna hvort hann hafi hitt ákærða morguninn eftir, en kvaðst ekki minnast þess að ákærði hafi verið öðru vísi en venjulega. Þá kvað vitnið að svalahurðin væri mjög stíf og þurfi að skella til að loka svaladyrunum. Útilokað sé að ganga um hana án þess að aðrir í húsinu verði þess varir. Aðspurður um þann framburð sinn hjá lögreglu að vitnið hafi spjallað við vini sína í tölvuleiknum kvað hann það geta verið, en það hafi þá ekki verið lengi, máské hálf tíma eða svo.

Vitnið G, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hann myndi ekkert eftir þessu. Kannaðist við að samband hans og brotþola hafi verið fínt á þessum tíma og hún hafi búið heima hjá vitninu [...]. Kvaðst ekki muna neitt eftir umræddri nótt. Kvaðst muna að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst lítil tengsl hafa við ákærða núna, en þeir hafi kynnst [...] og verið vinir. Tengsl þeirra á þeim tíma sem getið er í ákæru hafi verið lítil að því vitnið minnti, en kvaðst þó ekki muna það. Þeir séu ekki lengur vinir, en kvaðst ekki vita hvers vegna. Ekki hafi komið neitt sérstakt upp á milli þeirra. Kvaðst ekki muna hvenær sambandi vitnisins og brotþola hafi lokið, en það hafi verið einhvern tíma eftir þann tíma sem greinir í ákæru. Kvaðst muna að brotþoli hafi talað um að ákærði hafi brotið gegn henni. Kvaðst hvorki muna nánar hvað hún hafi sagt né hvenær hún hafi sagt frá þessu. Kvaðst ekki muna neitt hvernig ákærði hafi brotið á brotþola, en það muni hafa verið á einhverri gangstétt. Þetta hafi átt að vera kynferðislegt ofbeldi. Kvaðst sjálfur hafa verið sofandi þessa tilteknu nótt og kvaðst ekki vita neitt um hvort brotþoli hafi verið heima alla nóttina eða farið eitthvað út. Brotþoli hafi ekki sagt sér frá þessu þessa umræddu nótt heldur hafi hún gert það seinna, á að

giska 1 eða 2 dögum seinna. Kvaðst aðspurður alveg viss um að brotaþoli hafi ekki sagt honum frá þessu umrædda nótt og heldur ekki morguninn eftir. Kvaðst aldrei hafa rætt þetta við ákærða. Kannaðist ekki við að hafa átt rafræn samskipti við ákærða um þetta. Kvað vitnið ekki hafa verið algengt að brotaþoli færi út að næturlagi. Kvaðst ekki eiga neina minningu um að hafa vaknað við að brotaþoli færi út að næturlagi og ekki heldur um að hafa vaknað við að hún kæmi heim. Aðspurður kvað vitnið að brotaþoli hafi ekki talað um að liðið hafi yfir hana í tengslum við þetta. Aðspurður kannaðist vitnið við að hafa stundum mætt ákærða á rúntinum [...]. Kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt ákærða daginn eftir umrætt atvik og þá hafi verið rætt saman á milli bíla. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vera hræddur við brotaþola eða einhvern sem sé tengdur henni og ekkert slíkt hafi áhrif á framburð vitnisins. Vitninu var sýnd ljósmynd af síma þar sem sjá má rafræn samskipti ákærða við G og kvað vitnið það geta átt við sig, en kvaðst ekki muna þetta. Aðspurður kannaðist vitnið við að hafa efast um ásakanir brotaþola í garð ákærða. Fyrir sér sé óvíst að þetta hafi gerst, en ástæðan sé sú að brotaþoli hafi reynt að gera það sama við vitnið, þ.e. að kæra hann fyrir kynferðisbrot, en það mál hafi verið fellt niður. Aðspurður kvaðst vitnið ekki minnst þess að hann og brotaþoli hafi stundað kynlíf þennan dag eða daginn áður. Aðspurður kannaðist vitnið ekki við að brotaþoli hafi vakið hann og sagt honum að hún væri að fara út, en vitnið kvaðst myndu hafa munað þetta ef það hefði gerst. Aðspurður kvaðst vitnið ekki minnst þess að hjá brotaþola hafi komið fram ástæða eða tilefni þess að hún hafi hitt ákærða þessa nótt. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vera í neinum samskiptum við brotaþola í dag. Vitnið kannaðist við að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu í september 2021 og kvaðst þá hafa sagt satt og rétt frá. Kvaðst ekki minnst þess að brotaþoli hafi farið á sjúkrahús þegar þetta var. Kvaðst heldur ekki muna til þess að hann og brotaþoli hafi ætlað að fara til Reykjavíkur á þessum tíma vegna þess að hann ætti að fara til tannlæknis. Kvaðst heldur ekki muna til þess að daginn fyrir atvikið eða svo hafi það gerst að ákærði hafi komið yfir í bíl til brotaþola eða öfugt. Það gæti þó vel verið.

Brotaþoli kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því hafa verið heima hjá [...] umrætt kvöld. Svo hafi hún ekki náð að sofna og farið út til að hitta ákærða og ætlað að sækja „koil“ og vökva í „veipið“ sitt. Svo þegar hún hafi verið þarna í smá tíma þá hafi liðið yfir hana og þegar hún hafi næst vitað af sér hafi ákærði verið búinn að taka hana úr buxum og nærbuxum og sjálfan sig líka. Þá hafi ákærði ýtt henni upp að grindverki þarna við göngustíginn og nauðgað henni. Þau hafi unnið saman [...]og hafi

verið í samskiptum á Snapchat áður en hún fór út. Ákærði hafi spurt hana í þeim samskiptum hvort hún vildi ekki bara koma núna og sækja þetta. Þau hafi ekki verið að daðra, a.m.k. ekki hún. Ákærði hafi hins vegar oft áður sýnt henni áhuga. Ákærði hafi kysst hana en hún ekki endurgoldið það. Nánar lýsti brotápoli því að ákærði hefði stungið typpinu sínu inn í píkuna á henni. Brotápoli kvaðst ekki muna nákvæmlega hvort hann hafi snert hana annars staðar en þar. Ákærði hafi klætt hana úr meðan hún hafi verið í yfirliði. Hún hafi staðið upp við grindverkið og snúið baki í hann og hann staðið fyrir aftan hann meðan nauðgunin hafi átt sér stað. Ákærði hafi látið hana standa svona. Eftir að hún hafi komið til sjálfrar sín eftir yfirliðið hafi hann eiginlega strax látið hana standa upp og ýtt henni að grindverkinu og ýtt á bak hennar svo hún beygði sig fram og svo stungið typpinu inn í píkuna. Aðspurð kvaðst brotápoli hafa upplifað þetta sem harkalegt. Kvaðst ekki muna hvort hún hafi sagt eitthvað. Kvaðst ekki muna til þess að ákærði hafi sagt eitthvað við hana á meðan, en hann hafi samt sagt að þetta yrði bara milli þeirra tveggja. Aðspurð kvaðst brotápoli ekki hafa getað komist í burtu vegna þess að hann hafi haldið henni með því að ýta á bak hennar. Hún hafi reynt að komast burt. Þetta hafi tekið milli 5 og 10 mínútur sirka. Svo hafi þessu lokið með því að ákærði hafi bara hætt og sagt svo að þetta væri bara milli þeirra og svo hafi hann farið. Kvaðst ekki vita hvort ákærða hafi orðið sáðlát. Henni hafi liðið mjög illa meðan á þessu stóð. Henni hafi líka liðið illa líkamlega og hún hafi fundið til í píkunni. Aðspurð hvort brotápoli hafi gert eitthvað meðan ákærði hafi verið að athafna sig kvaðst hún alltaf hafa verið að reyna að komast í burtu. Hún hafi gert honum ljóst að hún vildi þetta ekki og verið að reyna að rétta úr sér og reyna að komast burtu. Þegar ákærði hafi hætt og farið hafi hún beðið og svo hafi hún farið af stað heim á leið og hringt [...] á leiðinni. Kvaðst hafa farið heim [...] og sagt honum þetta og reynt að sofa eitthvað. Svo hafi hún farið heim [...] og hún hafi svo farið með hana á Neyðarmóttöku í Reykjavík. Hún hafi hins vegar ekki sagt [...] þetta í símtalinu um nóttina en gert það daginn eftir á leið á Neyðarmóttöku. Þegar hún hafi hringt [...] um nóttina hafi hún bara viljað hafa [...] í símanum af því hún sé myrkfælin og hún hafi líka spurt hana hvort það væri eðlilegt að það liði yfir hana upp úr þurru. Þá kvaðst brotápoli hafa haft áverka í leggangaopinu. Þar hafi verið nýlegar rispur og storknað blóð. Hún hafi fundið fyrir þessu og verið mjög vont að pissa. Þá kvaðst brotápoli engin samskipti hafa átt við ákærða daginn eftir og næstu daga og hann ekki heldur við hana.

Aðspurð kvað brotaþoli að klukkan hafi verið á bilinu 03.00 – 03.30 þegar hún hafi farið út þessa nótt. Kærastinn hennar G hafi vitað að hún var að fara út. Aðspurð kvað brotaþoli að aldrei hafi komið til tals milli hennar og ákærða að þau væru að fara að hittast til að stunda kynlíf. Þau hafi kynnst árið 2018 eftir að hún hafi flutt [...]. Stundum hafi þau talað saman og stundum ekki. Hann hafi alltaf verið að biðja um einhverjar myndir af henni og reyna að hitta hana í kynferðislegum tilgangi. Hann hafi þó ekki áður sýnt henni neitt á borð við það sem gerst hafi í þetta skipti. Aðspurð lýsti brotaþoli því að hafa liðið mjög illa eftir þetta, með kvíða og þunglyndi. Hún hafi leitað til geðheilsuteymis á Vestfjörðum, en hún hafi líka átt við að stríða kvíða og þunglyndi áður, en það hafi verið mun minna í sniðum. Hún eigi mjög erfitt með að vera [...] eftir þetta og þá hafi þetta haft áhrif á hennar kynlíf. Þetta hafi þannig haft mikil áhrif á hana. Fyrstu dagana eftir atvikið hafi henni liðið ógeðslega, en á þeim tíma hafi hún mikið umgengist G [...] og H [...]. Þetta hafi líka orðið til þess að hún hafi hætt í vinnunni sem hún hafi verið með ákærða í og þau hafi orðið samferða til vinnu.

Aðspurð kvaðst brotaþoli síðast hafa hitt ákærða fyrir atvikið 1 eða 2 dögum áður og það hafi verið í vinnu og á leið til og frá vinnu. Þá hafi þau verið saman í bíl ákærða. Hún hafi setið í farþegasæti frammí. Aðspurður um „veip“ kvað brotaþoli að þau hafi fengið vökva hvort hjá öðru, en þau notuðu ekki sama reykáhalðið. Hún hafi aldrei tekið smók af hans græju og aldrei notað hana.

Brotaþoli kannaðist aðspurð ekki við að hafa áður sakað ákærða um óviðeigandi hegðun, en hann hafi þó sent henni óviðeigandi myndir óumbeðið. Hún hafi yfirleitt bara sagt [...] sinni frá því. Þá kannaðist brotaþoli ekki við að þau hafi sameinast í bíl á rúntinum þó þau hafi hist á rúntinum. Aðspurð um yfirliðið þessa nótt kvaðst brotaþoli ekki hafa upplifað það áður að slíkt gerðist fyrirvaralaust, en það hafi gerst eftir atvikið og síðast nýlega.

Kvaðst aðspurð alveg viss um að hafa verið meðvitundarlaus þegar ákærði hafi klætt hana úr buxunum. Aðspurð um þá frásögn sem höfð er eftir brotaþola í gögnum neyðarmóttöku að henni hafi tekist að komast undan ákærða kvað brotaþoli þetta ekki rétt eftir sér haft. Ákærði hafi hætt og þannig hafi þessu lokið. Hún hafi aldrei fengið að sjá skýrslu hjúkrunarfræðingsins. Kvaðst aðspurð ekki geta sagt til um það hvers vegna ákærði hafi hætt. Um þá frásögn sem höfð er eftir henni í gögnum Neyðarmóttöku að ákærði hafi náð að setja typpið aðeins inn í leggöngin kvað brotaþoli að ákærði hafi náð að setja typpið alveg inn. Aðspurð kvaðst brotaþoli ekki muna til þess að ákærði hafi sett

finger í leggöng hennar. Þá kvaðst hún heldur ekki reka minni til þess að ákærði hafi þuklað á brjóstum hennar. Ákærði hafi sagt bæði fyrir og eftir nauðgunina að þetta yrði bara á milli þeirra tveggja. Aðspurð kvað brotþoli að G [...] hafi verið hálfsofandi þegar hún hafi komið heim um nóttina, en kvaðst alveg viss um að hún hafi sagt honum þetta strax um nóttina. Þau hafi svo farið að sofa, en ekki rætt þetta aftur fyrr en einhverjum dögum síðar. Aðspurð um að G hafi ekki kannast við þessa atburðarás kvaðst brotþoli allt að einu alveg viss um þetta. Aðspurð um Snapchat samskipti milli hennar og ákærða kvað hún þau hafa átt sér stað fyrir atvikið. Í þeim sé ekki vísað til atviksins, enda það þá ekki orðið. Hún hafi ekki átt nein samskipti við ákærða eftir atvikið. Aðspurð um þann framburð sinn hjá lögreglu að hafa ekki viljað ræða þetta við H [...] sína að G áheyrandi kvaðst brotþoli bara hafa viljað tala ein um þetta við hana. Það hafi ekki verið vegna þess að hann hafi ekki verið búinn að heyra um þetta. Þá kvað brotþoli að ástæða þess að H hafi giskað á ákærða sem geranda væri að hún hafi þekkt til hans. Aðspurð kvað brotþoli það geta verið að hún og G hafi hitt ákærða á rúntinum daginn eftir og átt við hann stutt samtal milli bíla, en hún minnst þess ekki. Kvaðst heldur ekki minnst þess að á þessum tíma hafi það gerst að hún kæmi yfir í bíl til hans eða öfugt. Þá kvaðst brotþoli aðspurð ekki minnst þess að hafa átt kynmök með G að kvöldi 6. september eða daginn áður. Nánar aðspurð um atburðarásina lýsti brotþoli því að áður en leið yfir hana hafi ákærði kysst hana á hálsinn og verið að leita eftir kynmökum. Aðspurð kvaðst brotþoli ekki vera í sérstöku sambandi við G en þau væru samt alveg vinir. Sambandi þeirra hafi lokið á árinu 2021. [...]. Stundum hafi hún farið út á nóttunni, en ekki oft. Samskipti þeirra séu á góðum nótum, en þau tali sjaldan saman. Aðspurð hvort samskipti þeirra væru góð þrátt fyrir að hún hafi kært hann fyrir kynferðisbrot játaði brotþoli því. Þá kvað brotþoli aðspurð að hún hafi ekki treyst sér í innri kvenskoðun á Neyðarmóttöku. Þá staðfesti brotþoli að utan þessa atviks hafi aldrei neitt kynferðislegt gerst milli hennar og ákærða.

Vitnið K, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst hafa búið heima hjá ákærða á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hún hafi sofnað sirka um kl. 24.00 þessa nótt og vaknað aftur á að giska kl. 04.00 og þá hafi ákærði verið sofandi við hlið hennar. Svo hafi dagurinn bara verið venjulegur. Vitnið kvaðst ekki vita hvenær ákærði hafi sofnað, en það hafi verið á eftir henni. Hún hafi sofið milli 24.00 og 04.00, en sofnað aftur eftir það en kvaðst ekki muna hve lengi. Kvaðst hvorki hafa orðið vör við neitt undarlegt þessa nótt, né að ákærði færi eitthvað. Daginn eftir hafi hann verið alveg

venjulegur. Þau hafi sofið í sama rúmi og hún hefði orðið þess vör ef hann hefði farið eitthvað. Aðspurð kvaðst vitnið vera með í símanum sínum smáforrit sem heiti „Life 360“. Allur vinahópur hennar hafi þetta forrit í símanum sínum og verið með kveikt á því, þ. á m. ákærði. Þetta forrit sýni öðrum notendum staðsetningu símans. Hún hafi verið tekin inn í lögreglubíl þegar ákærði var handtekinn, en þá gleymt að segja frá þessu. Svo stuttu síðar, meðan lögreglan var ennþá við heimili ákærða, hafi hún sýnt lögreglu þetta og sýnt þeim síðustu 24 klukkutíma. Lögregla hafi ekki brugðist neitt við því. Kvaðst ekki muna hvort hafi verið tekin mynd af hennar síma, en hún hafi haldið að þetta væri tekið upp í búkmyndavél, sem hafi svo reynst rangt. Þá lýst vitnið því að húsið sé mjög hljóðbært og verði ekki gengið um það án þess að allir verði þess varir. Vitnið gat ekki staðfest að hafa hitt brotþola á rúntinum eða yfirhöfuð talað við hana. Aðspurð um framburð sinn hjá lögreglu að hún hafi sofið til kl. 05.00 en ekki til klukkan 04.00 kvað hún það geta verið rétt, en kvaðst ekki geta fullyrt hvor tímasetningin væri rétt. Kvaðst sofa mjög laust og hafi ekki verið undir neinum áhrifum þessa nótt. Kvað geta verið rétt að hún hafi ekki rumskað á milli kl. 24.00 og 05.00.

Lögreglumaður nr. 1840 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst hafa verið sendur að heimili ákærða til að handtaka hann, sem vitnið hafi gert. Vitnið hafi kynnt ákærða tilefni handtökunnar. Ákærði hafi verið rólegur en virst hissa á þessu. Vitnið kvaðst hafa verið viðstaddur réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða, sem hafi farið fram á lögreglustöð. Vitnið kvaðst hafa rætt við heimilisfólk á staðnum, en kvaðst ekki muna hvað þar hafi komið fram. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að á vettvangi hafi komið fram neitt um staðsetningarforrit í síma. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir sýnatökum af líkama ákærða, en það sé alltaf gert í slíkum málum. Strokýni sem tekið sé af typpi sé tekið undan forhúð. Kvaðst ekki muna það sérstaklega í þessu tilviki, en kvaðst myndu hafa munað ef það hefði ekki verið tekið undan forhúð því það hefði verið mjög óvenjulegt. Vitnið kvaðst ekki muna eftir stroksýnatöku annarsstaðar af líkama ákærða.

Lögreglumaður nr. 0814 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið lýsti því að hafa verið á vakt og fengið símtal frá aðalvarðstjóra um kynferðisbrotamál. Hafi vitnið haft samband við hjúkrunarfræðing á Neyðarmóttöku á Landspítalanum. Brotþoli hafi svo komið frá Neyðarmóttökunni ásamt réttargæslumanni á lögreglustöðina [...]. Vitnið hafi svo tekið skýrslu af brotþola, kannað vettvang og ákærði verið handtekinn og skýrslur teknar. Vitnið staðfesti skýrslur sínar í rannsóknargögnum málsins. Vitnið kvað

engin ummerki hafa verið á vettvangi. Vitnið kvað aðspurður að ekki hafi verið kannað hvort íbúar í nágrenni vettvangs hefðu orðið varir við eitthvað. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstaddur réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða. Vitnið kvað síma ákærða og brotþola ekki hafa verið rannsakaða. Vitnið kvað ekkert sjáanlegt í gögnum lögreglu um að K hafi komið því á framfæri að í síma hennar og ákærða væru staðsetningarforrit. Vitnið kvað síma ákærða ekki hafa verið kannaðan þrátt fyrir að ákærði hafi getið þess strax í fyrstu skýrslu að í síma hans væri staðsetningarforrit sem myndi sýna staðsetningu símans, en brotavettvangur sé aðeins 3 – 4 [...] frá heimili hans. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við lögreglumenn sem sáu um handtökuna um staðsetningarforrit í síma ákærða. Vitnið lýsti könnun sinni á heimili ákærða, sem hafi komið fram um að væri hljóðbært timburhús. Mjög hljóðbært sé þarna. Séu 3 eða 4 útgangar úr húsinu, en greiðasta leiðin fyrir ákærða til að komast út án þess að aðrir yrðu þess varir hafi verið gegnum stofuna og út um svaladyrnar. Vitnið kvaðst telja mögulegt að fara út úr húsinu án þess að aðrir yrðu þess varir. Bakdyrnar á bílskúrnum muni vera óvirkar. Ekki hafi verið prófað að opna svaladyrnar. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hafa kannað sérstaklega hvernig pallurinn við svaladyrnar sé og grindverk á honum. Aðspurður kvaðst vitnið að ekki hafi verið gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til að upplýsa um orsakir yfirlíðs brotþola. Vitnið kvaðst hafa tekið samanburðarsýni vegna DNA hjá ákærða. Vitnið kom ekki að annarri sýnatöku.

Vitnið L, sérfræðingur lögreglu, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið fékk gögn til rannsóknar frá Neyðarmóttöku og réttarlæknisgögn frá ákærða sem og fatnað frá honum. Þá hafði vitnið milligöngu um að senda sýni til DNA rannsóknar. Vitnið lýsti því að ekki hefðu fundist sáðfrumur í sýnum. Vitnið lýsti því að í innanverðri klofbót nærbuxna brotþola hafi verið 2 blóðblettir sem ætla megi að séu komnir frá brotþola. Þrjár sýnaöskjur frá brotþola hafi verið merktar leggangaop, háls og skapabarmar. Sýni í öskju merkt leggangaop hafi ekki reynst innihalda sæði og ekki heldur sýni merkt skapabarmar. Pinnar í öskju merkt háls hafi ekki verið rannsakað héraðs, en ekki sé tækni héraðs til að DNA greina þekjufrumur. Sú askja hafi verið send utan til rannsóknar, óopnuð. Vitnið lýsti því að frá ákærða hafi komið 2 sýnapokar með pinnum, auk annarra sýna. Sýnapokarnir hafi ekki verið merktir sýnatökustað. Samkvæmt hefð væru stroksýni tekin af getnaðarlim og vitnið hafi gert ráð fyrir að svo hafi verið, en vegna þess að sýnin væru ekki merkt sýnatökustað kvaðst vitnið ekki geta fullyrt að sýnin séu af getnaðarlim. Þegar tekin séu stroksýni af lim sé það venjulega af utanverðum

getnaðarlim og undan forhúð. Sýni af naglaskafi hafi ekki verið opnuð vegna þess að þar geti aðeins verið um að ræða þekjufrumur sem ekki verði skoðuð hérlandis. Vitnið staðfesti að það hafi verið mistök af sinni hálfu að fullyrða í rannsóknarbeiðni til hinnar sænsku rannsóknarstofu að sýnatökupinnar hafi stafað frá stroksýni af getnaðarlim ákærða. Þá gerði vitnið grein fyrir sýni sem tekið var innan af framhlið nærbuxna ákærða, en sýnið var tekið með svokallaðri m-vac lífsýnasugu. Ekki sé útilokað að þekjufrumur sem hafi verið utan á nærbuxunum hafi komið fram í sýninu þó það sé tekið af innanverðunni. Þetta sýni hafi verið sent til DNA greiningar í Svíþjóð. Þá gerði vitnið grein fyrir öðrum sýnum sem send voru til DNA greiningar í Svíþjóð, ásamt samanburðarsýnum frá ákærða og brotaþola. Þá lýsti vitnið því almennt að þekjufrumur með DNA berist á milli manna við beina snertingu, en spillist fljótt við snertingu við eitthvað annað eða einhvern annan mann. Þá gerði vitnið grein fyrir skýrslu sinni um niðurstöður hinnar sænsku rannsóknarstofu. Niðurstöður greiningar á m-vac sýni úr innanverðri framhlið nærbuxna ákærða gáfu blöndu DNA sniða frá a.m.k. 3 einstaklingum. Í sýninu hafi komið fram DNA snið eins og DNA snið brotaþola og DNA snið ákærða. Þá hafi auk þess komið fram DNA snið þriðja aðila, en það hafi ekki verið samkennt við annan einstakling en talið líklega frá konu. Stroksýni af ákærða nr. 55241xx hafi gefið blöndu DNA sniða tveggja einstaklinga. Í meiri hluta hafi verið DNA snið ákærða, en í minni hluta hafi verið DNA snið eins og hjá brotaþola, en prófíllinn hafi ekki verið fullkominn og ekki unnt að fullyrða að það stafi frá brotaþola. Stroksýni af ákærða nr. 5524xx hafi verið samkennt við brotaþola. Sýni frá Neyðarmóttöku merkt háls hafi verið með blöndu DNA sniða þriggja einstaklinga. Tvö snið hafi verið saman í meirihluta og þau snið hafi verið eins og DNA snið ákærða og brotaþola, en DNA í minni hluta frá þriðja aðila hafi verið í svo litlu magni að ekki hafi verið unnt að samkenna það. Þá gerði vitnið grein fyrir einkunnum sem DNA samkenningum eru gefnar, frá -4 og til +4, þar sem +4 merkir fullkomin samsvörun. Stroksýni nr. 5524xx hafi verið með einkunnina +4 þannig að þar hafi verið fullkomin samsvörun við brotaþola og hægt að fullyrða að í því sýni sé DNA frá brotaþola. Stroksýnið nr. 5524xx hafi verið með einkunnina +3, en það sé þó samkennt við brotaþola. Þá hafi samkenning við DNA snið ákærða við sýni af hálsi brotaþola einnig fengið einkunnina +4 þannig að unnt sé að fullyrða að DNA snið ákærða hafi verið á hálsi brotaþola. Þá gerði vitnið grein fyrir því að áreiðanleiki niðurstaðna breytist ekki þó í sýni komi fram blanda DNA sniða tveggja

manna. Þá gerði vitnið grein fyrir því að þegar kemur fram fullkomin samsvörun þá sé miklu líklegra að um hafi verið að ræða beina snertingu heldur en smit.

Vitnið O gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið starfar sem sérfræðingur við DNA greiningar hjá Nationalt Forensiskt Centrum í Svíþjóð og hefur gert það frá árinu 2000. Vitnið hefur lokið meistaranámi í líffræði. Vitnið gerði fyrst almenna grein fyrir því hvernig DNA rannsókn er gerð. Fyrst sé leitað að DNA í sýninu og það svo dregið út úr sýninu. Svo sé DNA magnmælt og svo metið m.t.t. gæða. Aðspurð um sýni nr. 5522xx-1, sem er sýni úr innanverðri framhlið nærbuxna ákærða, tekið með m-vac sýnasugu, kvað vitnið að niðurstaðan sé blanda úr DNA a.m.k. þriggja manneskja. Það hafi passað við brotaþola og ákærða og einkunnin hafi verið +3. Sýni nr. 5524xx, sem er af líkama ákærða, en ekki merkt þannig að það sé af getnaðarlim hans, hafi sýnt blöndu DNA úr 2 manneskjum, annars vegar úr ákærða og að einhverju leyti við brotaþola. Sýnið hafi verið nothæft og mikið DNA í því. Aðspurð kvað vitnið það vera tekið fram ef DNA kemur úr sæði, en þetta sýni hafi verið rannsakað m.t.t. þekjufrumna. Um sýni nr. 5524xx, sem tekið var af líkama ákærða, en ekki merkt sýnatökustað, kvað vitnið að DNA frá brotaþola hafi fundist í því og niðurstaðan tali mjög sterkt fyrir því að DNA komi frá brotaþola og í þessu sýni hafi ekki verið nein blanda mismunandi DNA, heldur aðeins verið DNA frá brotaþola. Þetta geti vel gerst þó sýnið hafi verið tekið af líkama ákærða, en í sýninu hafi verið mikið magn DNA sem passi við brotaþola. Um sýni nr. 5524xx sem tekið var af hálsi brotaþola kvað vitnið að þar hafi verið blanda DNA úr 3 manneskjum. Meiri hluti hafi verið blanda DNA tveggja einstaklinga, sem hafi passað við DNA prófíl ákærða og brotaþola. Aðspurð um einkunnirnar eða kvarðana frá -4 til +4 lýsti vitnið því að sýnið úr nærbuxum ákærða hafi fengið einkunnina +3 og það þýði að það sé 6.000 sinnum líklegra að DNA komi úr brotaþola en ekki. Um sýni nr. 5524xx þar sem einkunnin er +1 kvað vitnið að það þýði að það sé 6 sinnum líklegra að DNA komi frá brotaþola en annarri manneskju. Um sýni 5524xx sem fékk einkunnina +4 kvað vitnið að það þýði að það sé 1.000.000 líklegra að DNA komi frá brotaþola en annarri manneskju. Þessi einkunn, þ.e. +4, sé hæsta einkunn sem gefin er. Aðspurð um hve mikla snertingu þurfi til að fá einkunnirnar +4 eða +3 kvað vitnið erfitt að segja til um það, en þegar komi svona mikið DNA fram í sýni að það komi bara einn prófíll þá megi áætla að það komi frá einhvers konar vökva eða seyti. Til að slíkt magn DNA kæmi fram við yfurfærslu en ekki beina snertingu þyrfti mjög mikið til að koma. Líklegast sé að DNA í sýni nr. 5524xx hafi komið við beina snertingu, en það

verði ekki fullyrt. Aðspurð um að í rannsóknarbeiðni frá íslensku lögreglunni var tiltekið hvaðan sýni voru tekin og hvort rannsókn sé sú sama óháð því hvaðan af líkama sýni hafi verið tekin kvað vitnið að sýni frá getnaðarlim séu rannsökuð á annan hátt vegna mögulegra sæðisfrumna. Ekkert hafi komið fram sem staðfesti að sýni nr. 5524xx og 5524xx stafi frá getnaðarlim ákærða. Það sjáist einungis með tilgreiningu frá íslensku lögreglunni. Aðspurð hvort rannsóknarniðurstöður varðandi sýni nr. 5524xx og 5524xx standi óhaggaðar ef rangt sé að sýnin hafi verið tekin af getnaðarlim kvað vitnið að niðurstaðan yrði sú sama. Þá taldi vitnið að ekki hefðu komið aðrar niðurstöður ef beðið hefði verið um víðtækari leit að DNA í sýnum. Aðspurð um orðalag í skýrslu vitnisins þar sem segir „DNA kom í ljós“ og að ekki sé unnt að ákvarða undirliggjandi tegund af spori, kvað vitnið að þetta þýði að ekki sé unnt að ákvarða hvort DNA komi úr munnvatni eða önnur tegund af frumum. Vitnið staðfesti að ólíklegt sé að þessar niðurstöður komi vegna yfirfærslu eða smits, en þegar er mikið magn DNA bendi það til þess að um hafi verið að ræða beina snertingu. Aðspurð nánar um sýni nr. 5524xx frá hálsi brotaþola kvað vitnið ekki unnt að fullyrða hvort það komi frá munnvatni eða á annan veg. Þá gerði vitnið grein fyrir því að sýni brotaþola og ákærða séu rannsökuð hvort í sínu lagi og geti ekki smitast á milli við rannsóknina.

Vitnið P, læknir á Neyðarmóttöku, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst ekki muna þetta sérstaklega og ekki umfram það sem segir í skriflegum gögnum, enda langt um liðið. Brotaþoli hafi komið á Neyðarmóttöku og skýrt frá því að vinnufélagi hennar hafi brotið á henni og nauðgað henni nóttina áður. Brotaþoli hafi hvorki viljað blóðprufur né innri skoðun. Sést hafi smá rispur á kynfærum. Þetta sé mjög grunnt og vætli úr þessu pínulítið blóð alveg við leggangaopið, en stundum geti það verið meira. Þetta hafi getað samræmst nýlegu samræði og sjáist stundum eftir kynlíf. Þetta sjáist bæði hjá ungum stúlkum og eldri konum, t.d. ef eru þrængsli eða þurrkur. Þetta geti bent til þess að konan sé ekki undirbúin. Áverkar á brotaþola, þ.e. rispur við leggangaop, geti samrýmst frásögn brotaþola. Þetta segi þó ekki til um hvort brotaþoli hafi verið beitt þvingun. Svona rispur séu fljótar að gróa og megi gera ráð fyrir að þær séu ekki eldri en tveggja sólarhringa gamlar. Ekki komi fram í skýrslu læknis hvar á líkama brotaþola hafi verið tekin sýni, en það sé gert eftir því sem frásögn sjúklings gefi tilefni til. Aðspurð hvort annað en samræði hafi getað orskakað sprungur við leggangaop kvaðst vitnið telja langlíklegast að eitthvað hafi farið þarna inn í leggöngin, getnaðarlimur eða annað. Þetta hafi passað við frásögn brotaþola. Frásögn brotaþola sé oftast rituð niður strax eftir

samtal við brotþola. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna að fram hafi komið hjá brotþola að hún hafi lýst káfi á brjóstum og fingri í leggöng. Þá staðfesti vitnið að á þessum tíma hafi frásögn sjúklings ekki verið borin undir brotþola, en það tíðkist iðulega núna.

Vitnið Q, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst muna eftir málinu, en kvaðst þó ekki geta séð fyrir sér andlit brotþola. Vitnið hafi tekið á móti brotþola sem hafi komið með fósturmóður sinni. Brotþoli hafi verið hlédræg og í miklu uppnámi og erfitt að fá frá henni frásögn og hafi ekki viljað blóðprufu eða innri skoðun. Framburður sé tekinn niður af lækni og yfirleitt að hjúkrunarfræðingi viðstöddum. Kvaðst ekki muna hvort framburður brotþola hafi verið lesinn fyrir hana, eða borinn undir hana. Það sé yfirleitt gert núna. Sýni séu tekin með samþykki brotþola og þá með hliðsjón af frásögn brotþola. Yfirleitt séu tekin blóðsýni og sýni frá kynfærasvæði, bæði innri og ytri sýni hjá konum. Frásögn brotþola um að hafa verið kysst eða sleikt á hálsi hafi gefið tilefni til að taka sýni þar og það því væntanlega verið gert, en vitnið kvaðst þó ekki muna sérstaklega eftir að hafa tekið sýni af hálsinum. Yfirleitt taki læknir sýni frá kynfærasvæði en hjúkrunarfræðingur annar staðar af líkamanum.

Lögreglumáður nr. 1921 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið kom að handtöku ákærða. Vitnið lýsti því að hafa farið að heimili ákærða ásamt öðrum lögreglumanni og hafi þau handtekið ákærða. Einnig hafi þau rætt við vitni í lögreglubíl við heimili ákærða. Rætt hafi verið við [...] ákærða og [...] hans og þau verið spurð hvort þau hafi orðið vör við umgang, sem þau hafi ekki gert. Þá kvaðst vitnið muna að kærasta ákærða hafi verið á vettvangi og verið rætt við hana. Kvaðst aðspurð minnst þess að ákærði hafi rætt um app í síma sem ætti að sýna staðsetningu. App þetta hafi heitið 360 eða eitthvað á þeim nótum. Kvaðst ekki vita hvort þetta hafi verið kannað, en minnti að þau hafi tekið síma ákærða af honum og lagt hald á hann.

Vitnið R læknir kom fyrir dóminn við aðalmeðferð, en vitnið annaðist réttarlæknisskoðun á ákærða. Vitnið lýsti því að ákærði hafi verið fullkomlega samvinnuþýður og vitnið hafi tekið þau sýni sem óskað hafi verið eftir á staðnum. Sýnataka hafi verið algerlega hefðbundin í samræmi við leiðbeiningar um slíkt. Ákærði hafi verið mjög rólegur og yfirvegaður og sýnt algera samvinnu. Aðspurður um hvar sýni hafi verið tekin af líkama ákærða kvað vitnið að tekin séu húðstrok undan forhúð á getnaðarlim. Stundum séu tekin sýni úr munni og hári og svo sé leitað af líkamsáverkum eða öðrum sönnunargögnum á hinum handtekna. Vitnið kvaðst ekki muna betur en að

Þetta hafi verið gert í þessu tilviki. Kvaðst myndu hafa munað ef svo hefði ekki verið vegna þess að það hefði verið óeðlilegt. Sýni sem tekin eru af getnaðarlim séu tekin með strokpinna. Kvaðst ekki muna til fulls hvort það hafi verið 1 eða 2, en kvaðst heldur minna að það hafi verið 1 sýnatökupinni af getnaðarlim. Kvaðst ekki minnst þess að sýni hafi verið tekið úr munnholi í þessu tilviki. Aðspurður um sýnatökupinna á líkama ákærða kvaðst vitnið ekki muna hvort það hafi verið 1 eða 2, en vel geti verið að það hafi verið 2. Þó kvaðst vitnið geta fullyrt að það hafi verið a.m.k. 1 pinni. Aðspurður kvaðst vitnið muna að hafa tekið stroksýni af getnaðarlim. Auk þess sé tekið stroksýni annars staðar af líkama ef tilefni sé til, s.s vegna sára eða annars. Kvaðst þó ekki muna hvort það hafi verið í þessu tilviki. Sérstaklega aðspurður af dómara kvaðst vitnið muna að hafa tekið stroksýni af getnaðarlim ákærða. Það sé gert þannig að forhúð sé flett eða brett upp og tekið stroksýni bæði af kónginum og undan forhúðinni í sama sýninu. Þetta kvaðst vitnið muna nákvæmlega, en þó ekki hvort tekið hafi verið á 2 sýnatökupinna eða 1 sýnatökupinna. Þá staðfesti vitnið að ákærði hafi haft sýnilegt mar á viðbeini, sem að öllum líkindum sé ekki nýrra en 2 – 3 daga gamalt. Marbletturinn gæti ekki hafa verið 12 til 24 klukkustunda gamall. Annar blettur hafi verið á svipuðum stað, rauðleitur, en hann gæti verið nýrri. Við þessa sýnatöku sé opnað sérstakt dauðhreinsað „kit“ frá lögreglu með leiðbeiningum sem farið er eftir. Skjöl séu jafnframt útfyllt að sýnatöku lokinni. Sér komi á óvart að sýni hafi ekki verið merkt sýnastökustað, en það hafi þó verið mjög mikið að gera þennan dag. Aðspurður um sýni annarsstaðar af líkama ákærða en af getnaðarlim kvaðst vitnið ekki muna það sérstaklega en slík sýni séu tekin þar sem ástæða eða tilefni sé talið til.

Vitnið H, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið var ekki [...] þegar atvik máls gerðust. Vitnið lýsti því að brotþoli hafi komið til hennar áður en hún hafi sent henni skilaboð 7. september 2021. Vitnið hafi fundið að eitthvað væri að, en brotþoli hafi svo sagt henni í skilaboðum að henni hafi verið nauðgað. Vitnið hafi spurt hvort það hafi verið „XX“ og brotþoli játað því. Vitnið hafi farið með brotþola á lögreglustöð og á vettvang og svo hafi vitnið ekið með brotþola á Neyðarmóttöku í Reykjavík. Brotþoli hafi sagt sér að hún hafi verið sofandi heima hjá G og verið í samskiptum við ákærða og hún farið til hans um nóttina út af einhverju „veipi“ og hann hafi þá brotið gegn henni, en það hafi ekki verið í neinum smáatriðum. Hún hafi bara sagt að ákærði hafi nauðgað henni og ekki lýst því neitt nánar og ekki lýst neinum sérstökum athöfnum, en aðeins með almennu orðalagi að henni hafi verið nauðgað.

Brotapoli hafi ekki lýst fyrir vitninu samskiptum hennar og ákærða. Líðan brotapolu hafi verið mjög slæm þennan dag þegar vitnið hafi farið með brotapolu á Neyðarmóttöku. Hún hafi grátið og ekki viljað lifa lengur og spurt hvað hún gæti gert. Vitnið hafi haft samband við Landspítalann vegna þess vegna þess að [...] hafi ekki viljað hafa afskipti af þessu. Aðspurð um líðan brotapolu kvaðst vitnið vera í mjög litlum samskiptum við brotapolu í dag. Andlegir hagir [...]. Allt frá því að vitnið hafi kynnst brotapolu árið 2018 [...]. Vitninu hafi þótt brotapolu leita mikið í athygli og samþykki hins kynsins. Aðspurð kvaðst vitnið hafa dottið „XX“, þ.e. ákærði, í hug vegna þess að þau hafi átt einhver samskipti, sum miður góð, og hún hafi talað um að ákærði hafi verið að reyna við hana áður. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að brotapolu ætti sögu um fyrirvaralaus yfirlid og ekki heldur að brotapolu hafi nefnt eitthvað um yfirlid í þessu samhengi. Þá lýsti vitnið því að henni hafi þótt brotapolu mikið í samskiptum við karlmenn og talað kannski meira í skilaboðum og þannig en hún þori svo að framkvæma. Svo þegar karlmennirnir eða strákarnir hittu brotapolu þá hætti brotapolu við en segi kannski ekki að þetta sé ekki það sem hún vilji heldur leyfi þeim að fara sínu fram og segi svo eftir á að hún hafi ekki viljað þetta. Nánar aðspurð kannaðist vitnið við að eiga við það að brotapolu hafi verið að mæla sér mót við karlmenn undir þeim formerkjum að einhvers konar kynlíf yrði stundað, en svo þegar það hafi gerst þá hafi brotapolu sagt að hún hafi ekki viljað það. Aðspurð kvað vitnið að á leiðinni til Reykjavíkur hafi ekki verið rætt hvernig þetta hafi gerst, en bara að þau hafi hist á göngustígnum og ákærði hafi komið fram vilja sínum. Aðspurð um hvort vitninu hafi þótt brotapolu trúverðug eða greint efa hjá sjálfri sér um frásögn hennar kvaðst vitnið hafa upplifað efa um að frásögn brotapolu væri rétt. Vitnið hafi efast um að frásögn brotapolu væri rétt. Vegna þess að áður hafi brotapolu borið slíkt á menn sem vitnið viti að hafi ekki verið réttmætar ásakanir og sé um að tefla fleiri en 1 tilvik. Bæði fyrir og eftir þetta atvik. Þetta sé einhvers konar áhættuhegðun hjá brotapolu. Rót hennar sé sennilega sú að brotapolu sé að leita eftir viðurkenningu. Hún gangi lengra í skilaboðum en innistæða sé fyrir og guggni svo þegar á hólminn er komið. Um þessi tilvik hafi vitnið heyrt báðar hliðar. Aðspurð lýsti vitnið því að brotapolu hafi tekið andlegar dýfur og líðan hennar eftir þetta atvik hafi verið sambærileg við það. Vitnið staðfesti gögn um messenger skilaboð milli vitnisins og brotapolu og tölvupóst milli vitnisins og [...]. Vitnið kvað tilvist áverka á brotapolu ekki hafa breytt efasemdum sínum um frásögn brotapolu.

Vitnið N félagsráðgjafi gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið lýsti því að brotþoli hafi komið í [...] vegna almennrar vanlíðunar og kvíða, en það hafi verið skömmu áður en atvik þessa máls gerðust. Vitnið hafði ekki með höndum þá þjónustu sem brotþoli naut hjá [...]. Brotþoli hafi lýst mikilli vanlíðan og verið með sjálfsvígs- og sjálfsskaðahugmyndir. Þetta hafi verið rauði þráðurinn í viðtölunum sem hafi lang mest átt sér stað eftir þetta tiltekna atvik. Vitnið gat þess að meðferðarviðtöl hafi orðið endaslepp, en brotþoli óskað eftir að njóta þjónustu teymis [...] þar sem hún búi nú og vitnið gert ráðstafanir vegna þess. Vitnið gat þess að í meðferðarvinnunni hafi ekki sérstaklega verið metinn trúverðugleiki frásagnar brotþola. Í upphafi hafi brotþoli átt við andlegan vanda að etja, en eftir þetta atvik hafi meðferðarviðtölin að langmestu leyti snúið að þessu. Vitnið kvaðst reka minni til annarra áfalla hjá brotþola, bæði fyrir þetta atvik sem og eftir það, en m.a. hafi verið um að tefla kynferðisbrot eftir þetta atvik. Erfitt sé að greina sundur afleiðingar einstakra áfalla, sérstaklega ef um er að ræða áföll af svipuðum toga. Vitnið kannaðist við að vísbendingar um áhættuhegðun og sjálfsskaða hafi komið fram hjá brotþola, svo sem átröskunartilhneigingar. Vitnið kvaðst einu sinni hafa hitt brotþola í desember 2023, en talað við hana á að giska 5 sinnum í fjarfundarviðtölum. Aðspurð um þann sálfræðing sem hafi haft með að gera viðtöl við brotþola kvað vitnið hana hafa lokið BS eða BA námi í sálfræði. Ekki muni hafa verið farið í greiningarvinnu. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að greining um áfallastreituröskun hafi legið eða liggi fyrir. Vitnið kannaðist ekki við að neitt hafi komið fram í viðtölum um ætluð kynferðisbrot sem ekki hafi átt sér stöðir í raunveruleikanum. Þá kom fram hjá vitninu að ekki hafi verið lagt mat á sannsögli brotþola, enda erfitt um vik, en vitnið hafi ekkert séð sem bendi til þess að hinn starfsmaðurinn hafi dregið frásögn brotþola í efa og það hafi vitnið ekki heldur gert. Þá kvaðst vitnið merkja það að verulega hafi aukist á vanlíðan brotþola eftir það atvik sem er tilefni þessa máls. Vitnið staðfesti ofan greint vottorð sitt frá 27. desember 2023.

Vitnið E, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að vita lítið um málið. Brotþoli hafi hringt í vitnið nóttina sem þetta hafi gerst, en ekki sagt frá þessu þá. Hafi brotþoli í símtalinu sagt frá að liðið hafi yfir hana og rætt hvort það væri eðlilegt. Svo hafi brotþoli beðið vitnið að vera í símanum áfram meðan hún væri að ganga heim í myrkrinu. Vitninu hafi ekki þótt þetta óeðlilegt. Daginn eftir hafi vitnið fengið tölvupóst frá H um að brotþoli hafi sagt H frá atvikum nóttina áður. Hafi komið fram ósk um að vitnið yrði hluti af þessu ferli, en vitnið kæri sig ekki um að vera í

samskiptum við H þannig að vitnið hafi sagst myndu gera allt fyrir brotþola en myndi ekki vera í samskiptum við H. Vitnið hafi þá sent skilaboð á brotþola og spurt hvað væri til í þessu. Svo hafi brotþoli hringt í vitnið þegar hún hafi verið á leið frá Neyðarmóttöku. Þá hafi brotþoli sagt sér frá þessu, þ.e. að ákærði hafi nauðgað henni, en ekki í neinum smáatriðum. Meira viti vitnið ekki. Brotþoli hafi ekki lýst þessu sérstaklega, en sagt að þetta hafi verið á göngustíg í myrkri. Vitnið kvaðst hafa skynjað að brotþola liði ekki vel í símtalinu um nóttina. Líðan brotþola sé ekki nægilega góð en hún hafi lengi átt við að etja þunglyndi og kvíða. Sér hafi virst líðan brotþola verri eftir þetta atvik, m.a. ef hún var [...] og óttaðist að hitta ákærða á förnum vegi. Vitnið kannaðist við áhættu hegðun hjá brotþola, t.d. að skera sig og tal um tilgangsleysi. Aðspurð hvort brotþoli væri lygin kvað vitnið að það væri kannski að einhverju leyti, en kvaðst telja að brotþoli segði sér alltaf satt. Vitnið kvað brotþola eiga áfallasögu. Vitnið kvaðst trúa brotþola upp að vissu marki, en brotþoli fatti kannski ekki alltaf að hún sé að gefa eitthvað í skyn og strákar túlki það á sinn hátt, en svo bakki hún allt í einu og finnist vera brotið á sér. Vitnið kvaðst trúa að upplifun brotþola sé í samræmi við frásögn hennar. Aðspurð kvað vitnið að brotþoli hafi ekki talað um það í nætursímtalinu með hverjum hún hafi verið. Þá kvað vitnið að það hafi gerst fyrir þetta atvik að fyrirvaralaust hafi liðið yfir brotþola. Þá kvaðst vitnið vita um tilvik þess að brotþoli hafi kært önnur kynferðisbrota, a.m.k. 1 fyrir þetta atvik og 1 eftir það. Bæði málin muni hafa verið felld niður. Aðspurð kvaðst vitnið trúa og hafa trúað frásögn brotþola um að ákærði hafi brotið gegn henni. Vitnið staðfesti framburð sinn hjá lögreglu.

Forsendur og niðurstöður

Eins og að ofan greinir er ákærða gefið að sök kynferðisbrot gagnvart brotþola aðfaranótt 7. september 2021, [...], allt eins og nánar er lýst í ákæru. Ákærði neitar sök og kveðst ekki hafa farið af heimili sínu umrædda nótt og alls ekki hafa hitt brotþola þessa nótt. Kveðst ákærði hvorki þessa nótt né í nein önnur skipti hafa átt við brotþola nokkur samskipti af kynferðislegum toga.

Framburður brotþola er rakinn hér að framan og hefur hún staðfastlega lýst því hvernig ákærði hafi brotið gegn henni umrætt sinn, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, en jafnframt liggur fyrir í rannsóknargögnum frásögn sem höfð er eftir brotþola af starfsmönnum Neyðarmóttöku. Brotþoli hefur lýst atvikum með áþekkingu hætti frá upphafi. Liggur fyrir að hún sagði [...] frá atvikinu daginn eftir að það gerðist, sem og

móður sinni. Þá hefur einnig komið fram að hún sagði [...], G, frá atvikinu þó ekki sé fullljóst hvort það var sömu nótt eða morgunn eða einhverjum dögum síðar. Þá lýsti hún atvikum á Neyðarmóttöku eins og áður er lýst.

Í gögnum Neyðarmóttöku, sem og framburði læknis og hjúkrunarfræðings Neyðarmóttöku, kemur fram að við læknisskoðun fundust nokkrar ferskar rispur við leggangaop brotaþola og vætlaði úr þeim blóð. Samkvæmt framburði læknisins P samræmist þetta nýlegu samræði, en læknirinn bar að slíkar rispur væru fljótar að gróa og megi gera ráð fyrir að rispunar hafi ekki verið eldri en tveggja daga. Á Neyðarmóttöku kom fram hjá brotaþola að síðustu samfarir fyrir þetta atvik hafi verið meira en viku áður. Hvorki brotaþoli né [...], G könnuðust við það fyrir dómi að samfarir hafi átt sér stað milli þeirra skömmu fyrir aðfaranótt 7. september 2021. Þá kom fram í framburði P læknis að svona sprungur eða rispur geti bent til þess að konan hafi ekki verið tilbúin fyrir samfarir, en þær staðfesti þó ekki að um þvingun hafi verið að ræða.

Af hálfu verjanda ákærða hefur verið vísað til þess að ekki sé fullt samræmi milli frásagnar brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi annars vegar og svo hins vegar í þeirri frásögn sem höfð er eftir henni í gögnum Neyðarmóttöku. Að mati dómsins dregur þetta ekki úr sönnunargildi framburðar hennar fyrir dómi, enda liggur fyrir að sú frásögn sem höfð er eftir henni í gögnum Neyðarmóttöku var ekki borin undir hana og henni ekki gefinn kostur á að lesa hana yfir. Heilt yfir þykir framburður brotaþola vera trúverðugur og eru ekki efni til að rengja hann. Í því efni er rétt að taka fram að efasemdir vitna, einkum G, H og E, geta ekki breytt þessu mati, enda geta þau ekki borið neitt um það sem fór á milli ákærða og brotaþola umrætt sinn.

Af framburði vitnanna G, E sem og N, ásamt vottorði hinnar síðast nefndu, má ráða að brotaþoli hafi átt við að stríða verulega vanlíðan eftir umrætt atvik. Þrátt fyrir að brotaþoli hafi átt við vanlíðan að stríða fyrir atvikið verður ekki önnur ályktun dregin af framburði þessara vitna en að vanlíðan hennar og kvíði hafi aukist verulega eftir þann tíma sem í ákæru greinir.

Eins og áður segir hefur ákærði neitað því að hafa hitt brotaþola umrædda nótt og að hafa haft við hana samræði eða átt við hana mök. Er því aðeins um að ræða frásögn brotaþola sjálfrar af atvikinu.

Fyrir liggur að [...] og [...], ásamt [...], hafa borið um það að ákærði hafi ekki farið neitt út alla umrædda nótt. Óhjákvæmilegt er að meta framburð þessara vitna með hliðsjón af nánnum tengslum þeirra við ákærða.

Í framburði [...], K, kom fram að hún hafi sofnað á að giska um miðnætti og sofið til u.þ.b. klukkan 04:00, en þegar hún hafi vaknað hafi ákærði verið sofandi við hlið hennar. Aðspurð um framburð sinn hjá lögreglu um að hún hafi sofið til klukkan 05:00 kvað hún það geta verið rétt. Fyrir liggur að það símtal sem brotaþoli hringdi til móður sinnar eftir atvikið var klukkan 03:42, en þá var ákærði farinn af vettvangi samkvæmt framburði brotaþola. Skammt er frá vettvangi og að heimili ákærða. Þannig getur engin staðfesting fengist með framburði K, um að ákærði hafi verið í rúmi sínu á þeim tíma sem brotaþoli kveður að atvikið hafi átt sér stað á, enda hún sofandi á þessum tíma samkvæmt eigin framburði.

Vitnið J [...], lýsti því að hafa verið vakandi alla umrædda nótt og ekki orðið þess var að ákærði hafi farið út. Herbergi þessa vitnis er við hliðina á aðaldyrum hússins. Hins vegar liggur fyrir að vitnið var í tölvuleik þessa nótt og með heyrnartól vegna þess. Þrátt fyrir að annað heyrnartólið kunni að hafa hangið laust niður eins og vitnið lýsti getur framburður vitnisins ekki orðið til að útiloka að ákærði hafi getað farið út um einhverjar dyr hússins og allra síst ef ákærði hefði gert sér far um að ganga hljóðlega um, en ætla verður að umgengni verði síður vart ef gengið er hljóðlega um og þess gætt að skella ekki hurðum.

Vitnið I [...], kvaðst hafa verið í stofunni megin hluta næturinnar og hefði hún þess vegna séð til ákærða ef hann hefði farið. Þetta hefur ákærði líka bent á, þ.e. að [...] hafi verið frammi í stofu alla nóttina, en hann hefur þó lýst því sjálfur að hafa farið að sofa um kl. 03:00 og því vandséð hvernig hann getur borið um athafnir [...] eftir þann tíma. Þykir þessi sameiginlegi framburður bera þess merki að vera ótrúverðugur. Þessu til viðbótar bar [...] við aðalmeðferð að einhverjar mínútur hafi hún verið í herbergi sínu en ekki í stofunni.

Eins og að ofan er lýst voru tekin lífsýni af líkama brotaþola og líkama ákærða, ásamt lífsýnum sem tekin voru úr nærfötum ákærða. Er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á þeim lífsýnum hér að ofan. Í stuttu máli eru niðurstöðurnar þær að DNA úr ákærða fannst í sýni sem tekið var af hálsi brotaþola, en brotaþoli hafði lýst því að ákærði hefði kysst hana á hálsinn. Þá eru einnig þær niðurstöður að DNA úr brotaþola fannst í sýni sem tekið var innan af framanverðum nærbuxum ákærða, en jafnframt fannst DNA brotaþola í tveimur sýnum sem tekin voru af líkama ákærða.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið bornar undir ákærða bæði meðan málið var til rannsóknar hjá lögreglu, sem og við aðalmeðferð málsins. Hefur ákærði ekki getað

skýrt hvernig það megi vera að DNA úr brotþola hafi fundist á líkama hans og í nærbuxum hans eða hvernig standi á því að DNA hans sjálfs hafi fundist á hálsi brotþola. Hefur ákærði vísað til þess að þetta hljóti að stafa af því að þau hafi verið saman í bíl, sem og vegna þess að brotþoli hafi fengið að nota „veip“ ákærða, sem hann hafi svo iðulega í klofi sér þegar hann aki bíl og vegna þess að rennilás buxna hans sé bilaður að þá hafi DNA úr brotþola borist af „veip“ tæki ákærða og á nærbuxur hans. Brotþoli hefur hins vegar lýst því að hafa aldrei notað „veip“ ákærða.

Að mati dómsins eru þessar skýringar ákærða fráleitar, ekki síst þegar horft er til þess að DNA svörun var býsna sterk og í sumum tilfellum eins sterk og hægt er, þ.e. +4, en jafnframt þegar litið er til þess að ekki er aðeins um að ræða 1 sýni, heldur er um að ræða 2 sýni af líkama ákærða, 1 sýni úr nærbuxum ákærða og 1 sýni af hálsi brotþola. Þykir ákaflega langsótt að þessar samsvaranir séu allar tilkomnar vegna óbeinnar yfirfærslu eða smits, sbr. framburð vitnanna L og O. Verður þessum skýringum ákærða hafnað.

Eins og að framan greinir láðist að merkja þau sýni sem tekin voru af líkama ákærða með sýnatökustað, þ.e. hvaðan af líkama ákærða þau voru tekin. Hefur verjandi ákærða byggt á þessu og að allsendis sé óvíst að sýnin hafi verið tekin af getnaðarlim ákærða. Um þetta er það að segja í fyrsta lagi að þegar ákærði hefur verið spurður um niðurstöður á rannsóknnum sýna, sem hafi verið tekin af getnaðarlim hans, þá hefur hann aldrei haft neinar athugasemdir við að sýnin hafi verið tekin af getnaðarlimnum. Hann hefur aldrei borið um að sýni hafi verið tekin annars staðar af líkama hans en getnaðarlimnum. Gildir þetta bæði um skýrslu hans hjá lögreglu og framburð hans við aðalmeðferð. Þá bar lögreglumaður nr. 1840, sem var viðstaddur réttarlæknisskoðun á ákærða, um að hann hefði munað ef sýni hefðu ekki verið tekin af getnaðarlim, enda hefði það verið óvenjulegt í hæsta máta. Þá bar vitnið R lækni, sem annaðist réttarlæknisskoðun á ákærða og tók sýni af líkama hans, að sýni hafi verið tekin af getnaðarlim og lýsti því hvernig það væri gert, þ.e. með því að taka sýni af kóngi og undan forhúð. Þetta fullyrti lækni, að hefði verið gert. Hann mundi hins vegar ekki hvort tekin hafi verið sýni annars staðar af líkamanum, en lýsti því að það væri aðeins gert ef ástæða væri til, s.s. ef um væri að ræða sár eða önnur slík ummerki á líkama hins grunaða, en fyrir liggur í þessu máli að svo er ekki. Þykir mega slá því föstu við úrlausn málsins að sýni af líkama ákærða, sem báru í sér DNA frá brotþola, séu bæði af getnaðarlim hans.

Með niðurstöðum umræddra DNA rannsókna, sem og öðru því sem að framan greinir, þ.m.t. framburður brotaþola og gögn frá Neyðarmóttöku og framburður læknis og hjúkrunarfræðings, er hafið yfir skynsamlegan vafa að samfarir urðu milli ákærða og brotaþola umrædda nótt og verður við úrlausn málsins byggt á því að þær hafi verið svo sem brotaþoli hefur lýst, enda ekki við aðra lýsingu að styðjast og lýsing brotaþola ekki ótrúverðug.

Af hálfu verjanda ákærða hefur verið vísað til þess að rannsókn málsins hjá lögreglu hafi verið annmörkum háð. Í því efni er m.a. vísað til þess að símar ákærða og brotaþola hafi ekki verið rannsakaðir, einkum m.t.t. staðsetningarforrits sem hafi verið í síma ákærða. Að mati dómsins breytir þetta ekki því að ákæruvald hafi axlað sönnunarbyrði sína í málinu, enda ekkert sem girðir fyrir að ákærði hefði getað farið út án þess að hafa símann með sér. Þá er óumdeilt að þau áttu í rafrænum samskiptum þessa nótt. Þá breytir engu að ekki hafi sérstaklega verið rannsakað hver hafi verið orsök yfirliðs brotaþola sem hún hefur lýst. Hins vegar má til sanns vegar færa að betur hefði farið á því að lögregla kannaði sérstaklega svaladyr á heimili ákærða og hvernig verði um þær gengið, en þetta getur þó ekki orðið til þess að telja að ákæruvald hafi ekki axlað sönnunarbyrði sína.

Að öllu framansögðu virtu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur því unnið sér til refsingar, en samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að rannsókn málsins dróst nokkuð án þess að ákærða verði um það kennt. Þá ber að líta til þess að ákærði var einungis 18 ára þegar hann framdi brot sitt, en einnig til þess að brotaþoli var sjálf aðeins 18 ára. Þá verður litið til þess að með háttsemi sinni braut ákærði freklega gegn kynfrelsi brotaþola og sjálfsákvörðunarrétti hennar. Þykir hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í 2 ár, sem ekki kemur til álita að binda skilorði.

Með háttsemi sinni gagnvart brotaþola hefur ákærði bakað sér bótaskyldu, enda eru kynferðisbrot af þessum toga almennt til þess fallin að valda brotaþola miska, sbr. b lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þrátt fyrir að fram hafi komið í málinu að brot ákærða hafi valdið brotaþola vanlíðan, umfram það sem hún áður stríddi við, nýtur ekki við haldgóðra gagna um þær afleiðingar sem brot ákærða hefur haft á andlega líðan brotaþola. Með hliðsjón af þessu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 krónur

og skulu bæturnar bera vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði, en ekki kemur fram í gögnum málsins að bótakrafan hafi verið birt ákærða fyrir en við þingfestingu málsins 21. september 2023.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar sbr. 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur kostnaður vegna rannsóknar málsins 232.051 krónu og ber ákærða að greiða þann kostnað, sem og 62.248 krónur vegna vitnakostnaðar samkvæmt viðbótarsakarkostnaðaryfirliti. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 2.821.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, sem og ferðakostnað verjandans sem nemur 92.400 krónum. Jafnframt ber ákærða að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, alls 1.305.720 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, ásamt aksturskostnaði réttargæslumannsins, sem nemur 50.760 krónum.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði brotþola, Z, 2.000.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. september 2021 til 21. október 2023, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, alls 4.564.179 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, alls 2.821.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og einnig þ.m.t. aksturskostnaður verjandans, 92.400 krónur, og einnig þ.m.t. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, alls 1.305.720 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og einnig þ.m.t. aksturskostnaður réttargæslumannsins, 50.760 krónur.

Sigurður G. Gíslason